



282. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 28. nóvember 2019 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Ása Ólafsdóttir, Dominiqua Alma Belányi, Garðar Svansson, Ingi Þór Ágústsson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Lilja Sigurðardóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þráinn Hafsteinsson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri og Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ.

Forföll: Sigríður Jónsdóttir og Þórey Edda Elísdóttir.

Dagskrá:

1. Ólympísk málefni

Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni á sviðinu.

Undirbúningur er í fullum gangi fyrir Vetrarólympíuleika ungmenna í Lausanne 2020. Fjórir keppendur munu taka þátt fyrir Íslands hönd.

Undirbúningur fyrir Ólympíuleikana í Tókýó er einnig kominn vel á veg. Enn sem komið er hefur einn keppandi tryggt sér þátttöku, þ.e. Anton Sveinn McKee sundmaður.

2. Fagsvið ÍSÍ

Þráinn Hafsteinsson formaður fagráðs Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ fór yfir stöðu verkefna á sviðinu. Verið er að vinna umsókn vegna Íþróttaviku Evrópu 2020. Skilafrestur umsókna er um miðjan desember. Verið er að undirbúa Lífshlaupið, bæði heimasíðu og auglýsingar.

Kvennahlaup ÍSÍ næsta árs er einnig í undirbúningi, með nýjum áherslum. Ráðstefna norræna fyrirtækjaíþróttasambanda verður haldin á Íslandi í ágúst á næsta ári.

Verið er að ljúka vinnu við fjárhagsáætlun sviðsins.

Viðar Garðarsson formaður fagráðs Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ fór yfir stöðu verkefna á sviðinu. Hann sagði stjórn fagráðsins hafa áhyggjur af því hversu lengi hafi dregist, hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, að ráða í stöðu samskiptaráðgjafa í íþrótt- og æskulýðsmálum og óskaði eftir því að hvatningu yrði komið á framfæri við ráðuneytið um að hraða málinu.

Barna- og unglingsráðstefna verður haldin í Finnlandi í september á næsta ári. Að þessu sinni koma þátttakendur úr handknattleik, skíðaíþróttum/alpagreinum, fimleikum, dansi, golfi, hjólabrettum, íshokki og tennis (padel). Sviðið leggur til að ÍSÍ greiði kostnað fyrir einn þátttakanda úr hverri grein gegn því að sérsamband í viðkomandi grein greiði fyrir annan þátttakanda.

Fundað hefur verið með Árnastofnum vegna íðorðasafns um íþróttir en þörf er á að koma upp slíku safni. Málið verður skoðað betur á nýju ári.

ÍSÍ og UMFÍ hafa samið við R&G um viðbótar spurningar varðandi þátttöku í íþróttum í rannsókninni Ungt fólk og sérstaka úrvinnsla fyrir íþróttahreyfinguna úr niðurstöðunum.

Samtökin skipta með sér kostnaði við verkefnið.

Verið er að ljúka vinnu við fjárhagsáætlun sviðsins.

Gjaldkeri minnti formenn sviða á ítrasta aðhald í öllu starfi þar sem ekki er fyrirsjáanlegt að til komi hækkun á fjárframlögum ríkisins til ÍSÍ.

3. Stofnþing Bogfimisambands Íslands

Framkvæmdastjóri fór yfir undirbúning stofnþingsins sem verður haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 1. desember nk.

4. Formannafundur ÍSÍ

Farið yfir undirbúning og dagskrá Formannafundar ÍSÍ sem haldinn verður í Laugardalshöll á morgun. Margrét Lilja Guðmundsdóttir mun flytja erindi um ungt fólk og þátttöku í Íþróttum. Elías Atlason verkefnastjóri mun skýra tölfræði úr starfsskýrslum og farið verður yfir stöðu vinnuhópa sem skipaðir voru í kjölfar Íþróttabings.

Stefán Jóhannesson formaður nefndar um stafræn upplýsingakerfi mun skýra niðurstöðu nefndarinnar á fundinum.

Íþróttahéruð munu funda í Íþróttamiðstöðinni kl. 13 á morgun, líkt og verið hefur undanfarin ár.

5. Tilnefning fulltrúa ÍSÍ í stjórn Íslenskra getrauna

Leitað var eftir afstöðu framkvæmdastjórnar um tilnefningu til stjórnar Íslenskra getrauna með tölvupósti. Samþykkt var að tilnefna Hafstein Pálsson sem aðalmann og Sigríði Jónsdóttur sem varamann.

6. Skipan fulltrúa í starfshóp mennta- og menningarmálaráðuneytis um þjóðarleikvanga í innanhússíþróttum

Tekið fyrir erindi frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu um skipan fulltrúa ÍSÍ í ofangreindan starfshóp.

Samþykkt að skipa Lárus L. Blöndal forseta í starfshópinn.

7. Umsókn ÍBA um gæðavottunina Fyrirmyndarhérað ÍSÍ

Tekin fyrir umsókn Íþróttabandalags Akureyrar, ásamt fylgigögnum, um gæðavottunina Fyrirmyndarhérað ÍSÍ. Viðar Sigurjónsson skrifstofustjóri ÍSÍ á Akureyri aðstoðaði sambandið við undirbúning umsóknarinnar. Próunar- og fræðsluvið ÍSÍ hefur tekið umsóknina fyrir og staðfest að öll gögn eru til staðar.

Umsóknin samþykkt.

Viðurkenningin verður afhent 5. desember á jólafundi ÍBA sem tengdur er 75 ára afmæli bandalagsins. Forseti og/eða framkvæmdastjóri munu mæta til viðburðarins.

8. Umsókn KSÍ – Laugardalsvöllur sem þjóðarleikvangur í knattspyrnu

Viðbótar gögn sem kallað var eftir í tengslum við umsókn KSÍ hafa nú borist. Farið verður yfir gögnin og umsögn unnin af hálfu ÍSÍ, sem fylgja mun umsókn KSÍ til ráðuneytis.

9. Samningur við Air Iceland Connect

Framkvæmdastjóri kynnti samningsdrög um afsláttarkjör á innanlandsflugi. Gert er ráð fyrir 3% hækkun á fargjöldum og 6% hækkun á inneignarkóða pr. fluglegg.

Samningurinn verður undirritaður á morgun í húsakynnum ÍSÍ.

10. Erindi Æskulýðsvettvangsins

Forseti kynnti erindi Æskulýðsvettvangsins þar sem ÍSÍ er boðin innganga.

Samþykkt að skoða málið og fá kynningu á starfi Æskulýðsvettvangsins á fundi stjórnar í janúar nk. Fram að þeim tíma verður vonandi búið að ganga frá ráðningu samskiptaráðgjafa og farið að skýrast hvaða verkefni hann mun annast.

11. Erindi ÍBR vegna Hema, sögulegra skyldinga

Tekið fyrir erindi frá Íþróttabandalagi Reykavíkur þar sem óskað er eftir afstöðu ÍSÍ um viðurkenningu HEMA, sögulegra skyldinga.

Eftir könnun á stöðu íþróttarinnar á alþjóðavettvangi og í nágrennalöndum ÍSÍ var samþykkt að viðurkenna ekki íþróttina að svo stöddu.

12. Auglýsingar erlendra veðmálafyrirtækja

Tekið fyrir afrit af tölvupósti sem Körfuknattleikssamband Íslands hefur sent út í körfuknattleikshreyfinguna þar sem varað er við ólöglegum erlendum veðmálasíðum.

Samþykkt að senda varnaðarorð út til hreyfingarinnar um ofangreint og minna á mikilvægi þess að standa vörð um Íslenska getspá og Íslenskar getraunir, fyrirtæki íþróttahreyfingarinnar.

13. Hvatning til ÍSÍ um að setja reglur um öryggisbúnað fyrir höfuð

Lagt fram erindi frá Önnu Láru Guðfinnsdóttur þar sem ÍSÍ er hvatt til að setja reglur um öryggisbúnað fyrir höfuð.

Samþykkt að senda út í hreyfinguna bréf þar sem sambandsaðilar eru vaktir til umhugsunar um málefnið og hvattir til að skoða reglur um viðkomandi íþrótt út frá nýjustu rannsóknnum um höfuðhögg í íþróttum.

14. Breytingar á Íþróttalögum

Forseti vakti athygli á því að með nýjum lögum um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsmála þá kom inn ný lagagrein í Íþróttalögin sem hefur áhrif á ÍSÍ. Nú þarf að útvega sakarvottorð fyrir hverja ráðningu í íþróttahreyfingunni sem og sjálfboðaliða sem starfa með eða hafa umsjón með börnum og ungmennum.

Samþykkt að skipa Ásu Ólafsdóttur, Olgu Bjarnadóttur og Þráinn Hafsteinsson í vinnuhóp til að skoða skilgreiningar á hlutverkum sjálfboðaliða með tilliti til þessarar lagagreinar.

15. Breyting á reglugerð Afrekssjóðs ÍSÍ

Lilja Sigurðardóttir formaður Afrekssjóðs ÍSÍ skýrði tillögur að breytingum á Reglugerð um Afrekssjóð ÍSÍ.

Breytingar samþykktar samhljóða. Skrifstofu falið að senda út upplýsingar til sambandsaðila um breytingarnar og kynna á heimasíðu ÍSÍ.

16. Breytingar á reglugerð ÍSÍ um Heiðurshöll ÍSÍ

Hafsteinn Pálsson formaður Heiðursráðs ÍSÍ fór yfir tillögu að breytingum á Reglugerð ÍSÍ um Heiðurshöll ÍSÍ. Ekki er um efnislegar breytingar að ræða heldur verið að skerpa á orðalagi og gera það skýrara.

Breytingarnar samþykktar samhljóða með lítilsháttar lagfæringu á orðalagi í 2. grein.

17. Útnefning í Heiðurshöll ÍSÍ

Lögð fram tillaga Heiðursráðs ÍSÍ um tilnefningu í Heiðurshöll ÍSÍ á hófi Íþróttamanns ársins.

Tillagan samþykkt samhljóða.

18. Tillaga um upphaf Afreksmiðstöðvar ÍSÍ

Þráinn Hafsteinsson fór yfir minnisblað vegna Afreksmiðstöðvar ÍSÍ og eftirfarandi tillögur sem þar er að finna:

- Nefnd um afreksíþróttamiðstöð móti reglugerð fyrir Afreksíþróttamiðstöð ÍSÍ

- Ráðinn verði verkefnastjóri í 50% starf í eitt ár til að koma starfseminni af stað (sjá verklýsingu í greinargerð).
- Smíði gagnagrunns Afreksmiðstöðvar ÍSÍ verði kláruð.
- Samið verði við fagaðila í heilbrigðisteymi ÍSÍ / Afreksíþróttamiðstöðvar ÍSÍ

Tilögurnar samþykktar samhljóða. Útfærsla kostnaðar verður skoðuð af forseta og gjaldkera í samráði við Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ.

19. Heiðranir

Engar tilnefningar höfðu borist að þessu sinni.

20. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 281. fundur framkvæmdastjórnar
- 16., 17. og 18. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Afrekssjóðs frá 29. október og 28. nóvember 2019. **Niðurfelling styrks til SÍL að upphæð kr. 626.360,- samþykkt.**
- Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ frá 29. október og 22. nóvember 2019
- Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ 13. nóvember 2019
- Verkefnasjóðs frá 21. október 2019 – **Tillögur sjóðsstjórnar um afskriftir skv. reglugerð sjóðsins samþykktar.**
- Heiðursráð ÍSÍ frá 29. október 2019, 12. og 15. nóvember
- Laganefnd ÍSÍ frá 27. nóvember 2019. Tillögur nefndarinnar um afgreiðslu mála samþykkt að undanskildum 4. tölulið sem var frestað.
- Minnisblað Davíðs B. Gíslasonar formanns laganefndar ÍSÍ frá norrænni ráðstefnu um lögfræðileg málefni
-

21. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

22. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur framkvæmdastjórnar verður í hádeginu 12. desember nk. Þá verður stjórn boðið upp á jólamat.

Janúarfundur stjórnar er áætlaður 30. janúar 2020.

23. Önnur mál

Viðhalds- og byggingasjóður

Lagt fram viðhengi við reglugerð sjóðsins yfir þau verk sem hægt er að úthluta styrkjum til úr sjóðnum. Viðhengið samþykkt.

Kynningarmál

Viðar Garðarsson ræddi kynningar- og markaðsmál ÍSÍ. Hann sagði mikilvægt að koma betur á framfæri góðum gildum íþróttta og árangri, ekki síst í ljósi umræðna um erfiðara styrkjaumhverfis.

Framkvæmdastjóri upplýsti að ÍSÍ væri í viðræðum við auglýsingastofuna Pipar varðandi þessi mál.

Samþykkt að leggja áherslu á markaðs- og kynningarmál ÍSÍ í upphafi næsta árs.

Kynning á afreksíþróttafólki á samfélagsmiðlum ÍSÍ

Að hugmynd Rögnu Ingólfssdóttur verkefnastjóra kynningamála hefur afreksíþróttafólk að undanfögnu annast Instagram síðu ÍSÍ og kynnt fyrir almenningi hvernig dagur í lífi afreksíþróttafólks er. Kynningarnar hafa mælst afar vel fyrir og er fyrirhugað að halda þeim áfram. Ragna vinnur að gerð undirsíðna á heimasíðu ÍSÍ um allar viðurkenndar íþróttir innan vébanda ÍSÍ sem og frekari kynningu á okkar helsta afreksíþróttafólki.

Kolviður

Forseti skýrði frá því að samningsdrög við Kolvið vegna kolefnisjöfnunar ÍSÍ liggja nú fyrir og er stefnt að undirritun fyrir áramótin.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari